

Flutningagjald	kr. 17.40
Heitt vatn	— 34.75

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss

(utanmál) m³

Allt að 600 m ³	kr. 13 580.00.
600 — 2000 m ³	— 13 580.00 fyrir 600 m ³ + kr. 8.45 pr. m ³ þar yfir.
2000 — 6000 m ³	— 25 410.00 fyrir 2000 m ³ + — 7.30 pr. m ³ þar yfir.
6000 — 10000 m ³	— 54 610.00 fyrir 6000 m ³ + — 6.30 pr. m ³ þar yfir.
Meira en 10000 m ³	— 79 810.00 fyrir 10000 m ³ + — 5.60 pr. m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum að mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 138.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 67.65 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 581
12. nóvember 1980.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0.25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1.50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

- Vatnsgjald um hemil kr. 208.70 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- Vatnsgjald um vatnsmæli kr. 10.45 fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar eru að jafnaði lægra en 80° C skal hitaveitan leiðréttá vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80° C. Leiðrétting verður að ná 0.25 mínú. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar úpphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir.

Stærð húss	Stofngjald
250 m ³	kr. 6 958.00
251—500 m ³	— 6 958.00 + 16.70 kr/m ³ yfir 250 m ³ .
501—1500 m ³	— 11 133.00 + 9.74 kr/m ³ yfir 500 m ³ .
1501—6000 m ³	— 20 873.00 + 6.27 kr/m ³ yfir 1500 m ³ .
6000 m ³	— 49 088.00 + 4.88 kr/m ³ yfir 6000 m ³ .

Lágmarksstofngjald fyrir íhúð í samþýlishúsi skal vera kr. 4 870.00 sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynnt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a og b.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 209.00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1981 682 stig að viðbættum 10%.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari. Þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggur fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.